

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grundarfjarðarbæ.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæðis vestan Kvernár.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti 20. október 2022 tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæðis vestan Kvernár vegna breytinga á lóð nr. 4 við Ártún skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var grenndarkynnt og bærust engar athugasemdir við hana.

Deiliskipulagsbreytingin felst í niðurfellingu á skilmála um bundna byggingarlínu, færslu á byggingarreit til austurs og lengingu til suðurs, breytingu á hámarksvegghæð úr 3,3-4,95 metrum í 5,4 metra og niðurfellingu á skilmálum um lágmarksbakhalla og 5% lágmarks gluggaþekju á norðurhlið.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Grundarfirði, 13. desember 2022.

Kristín Þorleifsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 29. desember 2022